



2018-2019

Ársskýrsla Heilsuleikskólans Holtakots



Ragnildur Skúladóttir,
leikskólastjóri
Garðabær Júní 2019

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Innra starfið	3
Áherslur og markmið	3
Hreyfing	4
Holl næring	5
Gæði í samskiptum / lífsleikni	5
Mat á skólastarfi	5
Niðurstöður mats á skólastarfi	5
Hljóm-2	7
Nýbreytni og þróunarverkefni	8
Mannauður leikskólans	8
Stöðugildi	8
Fundir	8
Símenntun	9
Nemendur	10
Fjöldi barna skipt eftir aldri og dvalartíma	10
Barnsgildi	10
Fjöldi barna sem hafa annað móðurmál en íslensku	10
Fjöldi barna sem njóta stuðnings í leikskólanum	10
Foreldrasamstarf	11
Áherslur og markmið	11
Foreldrafélag	11
Foreldraráð	11
Foreldraviðtöl	12
Foreldrafundir og foreldrafræðsla	12
Upplýsingar til foreldra	12
Öryggismál	13
Slysaskráning	13
Forvarnir	13
Húsnæði og viðhald	14
Lokaorð	15

Inngangur

Samkvæmt 5. grein laga um leikskóla frá árinu 2008 gerir leikskólastjóri rekstraraðila og sveitarstjórn grein fyrir starfsemi leikskólans í ársskýrslu. Í ársskýrslunni koma fram þeir þættir sem ákveðið var að leggja mat á samkvæmt starfsáætlun fyrir árið 2018-2019

Innra starfið

Áherslur og markmið

Einkunnarorð Heilsuleikskólans Holtakots eru orð Bangsímmons „þú ert hugrakkari en þig grunar, snjallari en þú heldur og sterkari en þér sýnist. Þessi orða falla vel við uppeldi til ábyrgðar og Heilsustefnuna þar sem við erum að gera okkar besta og það fá allir tækifæri á að bæta fyrir mistök sín. Lögð er áhersla á að börnunum líði vel og hafi trú á eigin getu, læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu. Svo að lokinni leikskólagöngu séu þau sjálfstæð, tillitsöm og örugg þegar þau fara út í þann stóra heim sem bíður þeirra.

Einnig leggjum við mikið upp úr leiknum þar sem leikurinn felur í sér nám í allri sinni víðustu mynd. Yfirmarkmið leikskólans er að búa börnum og starfsfólki öruggt og þroskavænlegt umhverfi sem býður upp á fjölbreytileika og sjálfstæði í starfi með hlýju, virðingu og samkennd að leiðarljósi.

Starf leikskólans byggir á

- Aðalnámskrá leikskóla
- starfsáætlun leikskólans
- deildaráætlunum
- skóladagatali

Aðal áherslan er að koma á mótis við alla nemendur eftir getu og þroska og að hver og einn sé metin af verðleikum. Barnahópurinn er eðlilega með mikla getubreidd og eiga fjölbreyttir starfshættir að taka mið af því.

Holtakot er Heilsuleikskóli sem vinnur eftir Heilsustefnunni. Markmið Heilsustefnunnar er að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á hreyfingu og holla næringu, gæði í samskiptum og listsköpun í leik og starfi. Vellíðan starfsmanna er einnig mikilvægur þáttur í skólastarfinu og eru gæði í samskiptum mikilvægur þáttur í góðri heilsu og vellíðan bæði barna og fullorðinna.

Hreyfing

Markmið í hreyfingu er

- að auka úthald, einbeitingu og styrk
- að efla alhliða þroska þeirra
- að börnin njóti þeirra gleði sem hreyfingin veitir



Allar deildir fara í sal skólans einu sinni í viku í skipulagðar hreyfistundir ásamt fagmenntuðum kennara. Tvær elstu deildarnar fara svo aðra hverja viku í íþróttahús Álftanes og Fimleikasal Stjórnunnar ásamt kennurum í skipulagðar stundir.

Íþróttadagur -Í maí á hverju ári erum við svo með einn íþróttadag þar sem allir í leikskólanum mæta í íþróttafatnaði og fáum við afnot af íþróttahúsi Álftanes til að gera okkur glaðan dag og nýta salinn fyrir öll börnin eða setja upp hreyfi stöðvar í leikskólagarðinum.

Danskennsla/Tónlistarkennsla er annað hvert ár hjá okkur en þetta skólaárið féll tónlistarkennslan niður þar sem að tónlistarkennarinn sem við höfum fengið gat ekki tekið þetta að sér og enginn annar fékkst í staðinn. Danskennslan verður hjá okkur haustið 2019. Þessi liður hefur fest í sessi frá opnun skólans og er hluti af hreyfingu. Við fáum danskennara sem kemur og leggur þetta inn einu sinni í viku í 6 vikur og er það foreldrafélagið sem sér um að við náum að halda þessu áfram inni í starfinu. Hér fyrst var þetta á hverju ári en frá 2012 ákváðum við að vera annað hvert ár með dans og annað hvert ár með tónlistarkennslu.



Sund -Elsti árgangur skólans fer í sund einu sinni í viku frá september fram í maí ásamt starfsmanni og verkefnastjóra sem er með sundlaugarvarðarpróf. Markmið með þessu er að gera þau öruggari í íþróttamannvirkjum fyrir skólagöngu, geta séð um sig sjálf í fataklefa, s.s.

klætt sig í og úr án aðstoðar og yfirvinna vatnshræðslu ef hún er til staðar. Þetta fór algerlega langt fram úr okkar vonum og voru börnin fljót að ná þessu, auk þess eru flest þeirra að ljúka fyrsta sundstiginu eftir veturinn.

Gönguferðir- Allar deildir fara í gönguferðir 1x í viku allt skólaárið nema yngstu börnin, þau fara þegar veður leyfir. Þegar er mikil hálka er það ekki forsvaranlegt.

Hjóladagar eru hjá okkur tvisvar á ári og þá mega börnin koma með hjól og er bílastæðið girt af fyrir eldri börnin en þau yngri eru inn á leikskólalóðinni og vekur þetta mikla lukku hjá börnunum.

Holl næring

Markmið Holtakots er að

- bjóða upp á hollan heimilismat sem unninn er frá grunni í eldhúsinu
- auka neyslu grænmetis og ávaxta
- kenna börnum að vatn er góður valkostur
- minnka sykurmagn í uppskriftum

Matseðilinn samanstendur af einföldum og lítið unnum mat þar sem salti, sykri og óhollri fitu er haldið í lágmarki. Hollt næringarríkt fæði stuðlar að almennri vellíðan og er forsenda fyrir að einstaklingurinn geti þroskast og notið þeirra hæfileika sem hann býr yfir. Barn sem lærir að meta hollan og góðan mat í æsku er líklegri til að temja sér góða siði síðar á lífsleiðinni. Fylgst er náið með matarvenjum barnanna sem skráð er í Heilsubók barnsins. Einnig er skráð eftir hvern matartíma hvernig yngri börnin borða þannig að foreldra geta fylgst með hvernig matarlist barnsins er.

Gæði í samskiptum / lífsleikni

Markmið er að börnum og starfsfólki í Holtakoti:

- líði vel og eru lífsglöð
- tileinki sér jákvæðni, umburðarlyndi og gleði gangvart öðrum
- verði fær um, með víðsýni og jákvæðni að takast á við nýjar aðstæður



Mat á skólastarfi

Niðurstöður mats á skólastarfi

Innra mat er samvinnuverkefni allra starfsmanna og hafa allir starfsmenn möguleika á að leggja sitt af mörkum og koma með hugmyndir. Leikskólastjóri ber ábyrgð á innra mati en teymið sér um skipulagningu matsins og ber ábyrgð á framkvæmd matsins.

Matsteymið var valið af leikskólastjóra. Einn fulltrúi af hverri deild var valinn í rýnihópin.

Fyrir skólaárið 2018-2019 var ákveðið að skoða sundkennslu skólahópsbarna, 1. hluta 13. greinar í Barnasáttmála sameinuðupjóðanna og líðan starfsfólks á vinnustaðnum í tengslum við gönguverkefni starfsmanna.

Sundkennsla skólahópsbarna


Börnin fengu fylgd í fataklefa til að byrja með og þurftu aðstoð við að skipuleggja sig í fataklefanum. Fyrstu skiptin þurfti að ítreka vel við þau um að halda áfram og minna þau á eigur sínar. Þegar komið var fram á veturinn voru þau orðin sjálfstæðari og röskari en þegar gerð var könnun í byrjun maí 2019 þá voru þau öll farin að hugsa um öll sín föt sjálf og voru mjög rösk í klefanum bæði þegar þau fóru ofan í og uppúr. Eftir að hafa haft samband við íþróttakennara í Álftanesskóla fengum við þær upplýsingar að börnin sem eru nú í 1. og 2. bekk og hefðu fengið sundkennslu á Holtakoti, hafi verið áberandi öruggari í fataklefanum og í sundi miðað við aðra jafnaldra sem komu úr öðrum leikskólum þar sem ekki var sundkennsla.

1 hluti 13. grein Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna

Skólahópurinn fékk öll þau verkfæri sem þurfti til að geta smurt sér sitt brauð sjálf og fengu að setja þann mat á disk sem þau töldu að þau gætu borðað. Í fyrstu áttu þau erfitt með að átta sig á magni og til að byrja með þá fór töluvert af mat í ruslið. Eftir sem leið á þá áttuðu þau sig á hvað þau vildu og minna og minna fór til spillis. Jafnt og þétt minnkaði matarsóunin um 70% frá því að verkefnið byrjaði.

Líðan starfsfólks á vinnustaðnum, gönguverkefni

Allir sem tóku þátt í verkefninu fengu gönguskó. Markmiðið var heilsuefling og að allir færu út að ganga á vinnutíma 2x í viku í ca 30 mínútur. Flestir starfsmenn tóku þátt í verkefninu og voru með jákvætt viðhorf til verkefnisins. Metið var hvort það var bæting á mætingu milli ára. Það kom skýrt fram að bætingin var 35.6% á milli ára sem verður að teljast mjög gott. Inn í þetta tvinnast bæði gönguferðirnar sem starfsmenn fóru sem og hvatningin fyrir auka frídaga. Allir starfsmenn gátu unnið sér inn allt að fjóra auka frídaga, hálfan dag fyrir hvert launatímabil, með því að vera með 100% mætingu á hverju launatímabili að undanskyldu launuðu orlofi, frá sept-nóv og jan-maí. Þessir aukafrídagar bætast framan á sumarfrí viðkomandi.



Alls voru gengnar 332 klukkustundir sem reiknast því sem meðaltal 83 klukkustundir á mánuði.

Innra mat á skólastarfi er gert á hverju ári á deildum þar sem farið er yfir alla þætti í daglegu starfi og gert endurmat sem gekk mjög vel og kom vel út hjá öllum deildum

Á komandi skólaárið ætlum við að taka fyrir og meta listsköpun í tengslum við heilsubók barnsins, halda áfram að meta búnað leikskólans og taka þá fyrir púsl og bækur laga og endurnýta og skoða útiveru barna, hversu oft er farið út og hvað veldur því ef ekki er farið út.

Hljóm-2

Deildarstjóri elstu barnanna leggur Hljóm -2 próf fyrir börnin í september sem er staðlað próf sem nær til ákveðins aldurs. Þau börn sem koma út með slaka eða frekar slaka færni fara í sérstakt málörvunaráttak sem deildarstjóri vinnur jafnt og þétt með yfir vetrartímann. Síðan er tekið aftur próf á þeim og ef þau koma aftur illa út er leitað eftir frekari aðstoð talmeinafræðings.

Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári. Í október og mars, skráð er í Heilsubók barnsins og þroski þeirra og færni metin samkvæmt sérstökum skráningarblöðum sem eingöngu Heilsuleikskólar mega nota. Þessi skráning og samræður við foreldra gefa báðum aðilum góða mynd af stöðu barnsins.

Starfsmannasamtöl fara fram í mars á hverju ári. Starfsmaður fær spurningarblöð þar sem farið er yfir áherslur leikskólans, líðan starfsmanns, hugleiðingar og athugasemdir.

Niðurstöður voru ótrúlega góðar og almennt líður fólki vel, finnst vel tekið á málum og þau fá svigrúm til að bera ábyrgð í starfi.

Nýbreytni og þróunarverkefni

Við sóttum um styrk í Þróunarsjóð leikskóla fyrir tveimur verkefnum þennan veturinn. Annað var klifurveggur sem var formlega opnaður í lok nóvember á opnu húsi fyrir foreldra og hitt var Gönguverkefni starfsmanna. Sjá fylgiskjal með skýrslu

Það er ólýsandi hvað þessi þróunarsjóður hefur gert vel við skólastarf í Garðabæ.

Mannauður leikskólans

Stöðugildi

Leikskólinn hafði samkvæmt reiknilíkani 21,73 stöðugildi á skólaárinu.

Leikskólakennarar / annað fagf/sérkennslust/stjórendur	Leiðbeinendur	Eldhús
11 fagmenntaðir	8 leiðbeinendur	2 starfsmen

Með stuðning voru tveir starfsmenn þar af 1 fagmenntaður kennari og 1 leiðbeinandi.

Fundir

Á skólaárinu voru 9 starfsmannafundir sem teknir voru eftir lokun leikskólans og farið yfir málefni sem vörðuðu starfsmannahópinn og starfið. Fundirnir voru m.a. í formi fyrirlesta, þróunarverkefni, námsmat og vinnslu á verkefnum sem við erum að vinna að. Starfsdagar voru 3 heilir dagar og 2 hálfir dagar sem voru teknir yfir árið. Þeir voru nýttir í fyrirlestra, skipulagningu og mat á vetrarstarfinu. Deildarfundir voru teknir á vinnutíma. Starfsmenn á öðrum deildum gæta barna þeirra deildar sem er á fundi í útiveru fyrir hádegi. Á þessum fundum er farið yfir málefni hvernar deildar fyrir sig og farið yfir skipulagið og starfið. Deildarstjórafundir voru skipulagðir 8 á árinu en stundum er kallað á stutta aukafundi ef uppfærsla á ákveðnum verkefnum er þörf eða að ekki hafi náðst að hafa fundinn. Grænfánafundir voru 8 yfir veturinn á vinnutíma. Þar var verið að samræma verkefni sem verið var að vinna að vegna flöggunar á 5. grænfánanum og uppfærsla frá hverri deild hvernig gengur, ásamt því að ákveða verkefni fyrir næsta fána. Samráð skólastjórnaenda var einu sinni í viku þar sem verið var að vinna að:



- sameiginlegri sýn á starfsmannamálum

- framhaldsvinna að þróunarverkefni
- samræming stjórnunarháttanna
- skipulag skólastarfsins
- fara yfir skipulagsmál innan húss
- starfsmannasamtöl
- stuðningur stjórnenda hvor við annan
- fara yfir vinnustund
- fleira sem kemur upp í daglegu starfi

Þegar fundir eru þá setjum við upp hvað er á döfinni til að fólk geti undirbúið sig og séð hvað verið er að vinna að.

Símenntun

Símenntun í Garðabæ er vel upp sett og mörg og ólík námskeið í boði sem henta vel inn í starfið og nær til allra starfsmanna. Auk þess eru fleiri námskeið hjá Endurmenntun HÍ og getur starfsfólk þá sótt styrk hjá sínu stéttarfélagi. Reynt er eftir fremsta megin að láta fólk fara á námskeið og hvetjum við fólk til að taka a.m.k. eitt á hvorri önn.

Skólaárið 2018-2019 voru m.a. eftirtaldir þættir nýttir af símenntunaráætlun

- Handleiðsla fyrir deildarstjóra - allir deildarstjórar eru í handleiðsluhópum sem hittust 1x í mánuði.
- Á einum starfsmannafundi fengum við til okkar Ólaf Inga Grettisson slökkviliðs- og sjúkraflutningamann til að kenna okkur skyndihjálp.
- Starfsmenn fengu allir fyrirlestur með Bjarti Guðmundssyni hjá Optimized performance sem bar yfirskriftina „Í topp tilfinningalegu ástandi“
- Starfsmaður sem sér um stuðning fór á námskeið í vetur í PMTO
- Námskeið sem sótt voru af starfsmönnum á vegum kragans voru m.a. :
 - Krefjandi börn - ADHD einkenni og úrræði
 - Tónlist með börnum
 - Námskeið ætlað mátráðum mötuneyta leikskóla
 - Virkjum vinnumenningu
 - Líðan mín í vinnu - stjórendur í leikskóla
 - Leikskólalastjóri og aðstoðarleikskólalastjóri fóru á námskeið í Skýrslugerð - að koma frá sér texta - töfluuppsetning.
- Starfsmaður sótti námskeið um vináttuverkefni Barnahjálpar Blær bangsi - Fri fra möbberi.
- Tveir starfsmenn sóttu grunnnámskeið vegna áhættumats á vegum Vinnueftirlitsins
- Deildarstjórar á eldri deildum fóru á TRAS námskeið í haust.
- Leikur að læra var með nýliðanámskeið fyrir nýja starfsmenn.
- Allir starfsmenn fengu fræðslu um ný persónuverndarlög.

- Sérkennslustjóri sótti fræðsluráðstefnu um tjákiptatækni

Nemendur

Á skólaárinu voru 70 börn í leikskólanum.

Fjöldi barna skipt eftir aldri og dvalartíma

Árgangar barna	4,0-4,5 dvalarstundir	5,0-6,5 dvalarstundir	7,0-10,00 dvalarstundir	Samtals börn dvalarstundir
2013 - 5-6 ára	0	0	15	121
2014 - 4-5 ára	0	1	13	114
2015 - 3-4 ára	0	1	17	148
2016 - 2-3 ára	0	2	13	102,75
2017 - 1-2 ára	0	0	7	59
Samtals börn :				70

Barnsgildi

Barnsgildi í leikskólanum skólaárið 2017-2018 voru 85,5 og dvalargildi á bak við það eru 968 klst.

Fjöldi barna sem hafa annað móðurmál en íslensku

Samtals voru 9 börn sem hafa annað tungumál heima en íslensku og 2 börn sem höfðu báða foreldra af erlendum uppruna.

Fjöldi barna sem njóta stuðnings í leikskólanum

Tvö börn voru samtals með 14 klst á dag sem er 1,75 stöðugildi við stuðning sem fagmenntaður starfsmaður og leiðbeinandi skiptu með sér.

Sérkennslustjóri starfar við leikskólann í 100% stöðu og hlutverk hans er að halda utan um og skipuleggja sérkennslu og stuðning í skólanum. Einnig ráðleggja og leiðbeina deildum varðandi ýmis mál er varðar börnin og hafa umsjón með beiðnum um sérfræðiaðstoð og vera í samvinnu við sérfræðinga sem að skólanum koma s.s sálfræðinga, talmeinafræðinga, sjúkráþjálfara, iðjupjálfa og Greiningarstöð.

Foreldrasamstarf

Áherslur og markmið

Áherslur okkar á foreldrasamstarf er að hafa það jákvætt og byggt á samvinnu og gangkvæmu trausti. Við leggjum áherslu á gott og öflugt foreldrasamstarf. Markmið okkar er að foreldrum jafnt sem börnum líði vel að koma í skólann og líði vel að vera hér. Þátttaka foreldra í aðlögun yngstu barnanna kemur sterk þarna inn þar sem allt að 6 foreldrar á deild eru saman í aðlögun og eru alveg með fyrstu 3 dagana. Þannig kynnast foreldrar innbyrðis, þau kynnast starfsfólkinu vel, öðrum börnum og ekki síst starfinu í heild sinni. Við höfum fengið góða umsögn frá foreldrum hvað þetta sé frábær aðlögun.



Auk þess erum við með nokkra viðburði yfir árið sem foreldrar koma að og er ávallt góð mæting og gaman að sjá að með hverju ári gefur fólk sér meiri tíma til að koma og vera með. Þar má nefna meðal annars:

- Aðventukaffi fyrir fyrsta sunnudag í aðventu
- mömmu og ömmu kaffi (konudagurinn)
- þabba og afakaffi (bóndadagurinn)
- útskrift skólahópsins, opið hús og sumarhátíð sem við erum farin að setja á sama dag til að koma á móts við foreldra og minnka fjarveru þeirra úr sinni vinnu. Annað hvert ár tengjum við svo einnig opið hús við þennan dag

Foreldrafélag

Við erum með starfrækt foreldrafélag sem skipað er af 4-5 foreldrum. Þeir skipta svo innbyrðis á hlutverkum sem formaður, ritari, gjaldkeri og varamenn. Haldin er aðalfundur í september ár hvert og mynduð stjórn. Í október er annar fundur boðaður þar sem starfsáætlun er gerð og er hún í nokkuð föstum skorðum. Foreldrafélagið styður við ýmsa viðburði innan skólans. Þau bjóða upp á skemmtiatriði fyrir sumarhátíð, jólagjafir, rútuferðir, sveitiferð og fleira skemmtilegt sem þeim dettur í hug. Það er mikilvægt fyrir leikskólann að hafa þennan bakhjarl sem foreldrafélagið er og mikilvægt að færa þeim þakkir fyrir framlag þeirra til barnanna og leikskólans. Leikskólastjóri situr fundi með foreldrafélagi.

Foreldraráð

Foreldraráð er skipað að hausti og eru þrjár foreldrar í ráðinu í einu. Foreldraráðið fjallar um ýmis málefni leikskólans, s.s skóladagatal, námskrár og aðrar ákvarðanir er varða skólastarfið. Fundað er tvisvar til þrisvar á ári og fundargerðir skrifaðar eða notað við

samtal í tölvu. Leikskólastjóri sér um að boða á fundi og formaður ákveður dagsetningu og tíma. Leikskólastjóri situr fundi með foreldraráði.

Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl eru tvö á árinu í október og mars. Í fyrra viðtalinu er farið yfir Heilsubók barnsins, líðan og hvernig aðlögun gekk inn í skólann fyrir nýja nemendur eða á milli deilda fyrir eldri börn. Í seinna viðtalinu er einnig farið yfir Heilsubók barnsins og farið ítarlega yfir þroska, getu og líðan barnanna.

Skólaárið 2018-2019 var ákveðið að prufa að hafa foreldraviðtöl að hausti val fyrir foreldra, s.s. í staðinn fyrir að bóka foreldra í viðtal gátu foreldrar óskað eftir að fá viðtal ef þeir vildu, og hafa bóka svo viðtöl á foreldra að vori. Ástæðan fyrir því að þetta var gert var vegna þess að það var orðið erfitt að fá foreldra til að koma í foreldraviðtöl. Þetta gekk þó nokkuð vel og ætlum við að hafa sama háttinn á næsta skólaár.

Foreldrafundir og foreldrafraeðsla

Kynningarfundur fyrir nýja foreldra er haldinn einstaklingslega með viðtali við foreldra þar sem liður í þátttökuaðlögun er spjall í allt að 2 klst. Foreldrum eru kynntar áherslur í starfi skólans og fá afhent gögn varðandi aðlögun og hvenær hún hefst, kynningarrit og eyðublöð til að fylla út vegna þátttökuaðlögunar og Heilsubókar. Foreldrum er boðið upp á kaffi og smá nasl. Síðan er þeim sýndur skólinn og endað inn á deild barnsins þar sem farið er yfir dagskipulag og spurningum frá foreldrum svarað af deildarstjóra.

Af og til er boðið upp á fræðslufundi fyrir foreldra um ýmis málefni sem tengjast skólastarfinu og þeim verkefnum sem unnið er að í leikskólanum, eða málefnum sem tengjast uppeldi barnanna og hefur þá foreldrafélagið stundum boðið upp á slíka fundi.

Upplýsingar til foreldra

Tölvupóstur -Foreldrum er sendur vikulega tölvupóstur frá deildarstjóra þar sem farið er yfir vikuna og hvað er framundan, oftast þegar eitthvað sérstakt er um að vera eða einhverjar upptökur. Reglulega yfir árið koma tilkynningar frá leikskólastjóra bæði með ákveðnar upptökur, fróðleik eða upplýsingar.

Heimasíða - fréttir um starfið er sett inn á heimasíðuna. Foreldrar hafa aðgang að læstu svæði á heimasíðu leikskólans þar sem hver og einn getur skoðað myndir af sínu barni.

Upplýsingatafla - í fataklefa á hverri deild er upplýsingartafli þar sem skrifað er á daglega hvað búið er verið að gera, hvernig dagurinn gekk og hvað er framundan. Þar er líka dagatal yfir allt skólaárið, matseðill og upplýsingar um svefn og matarvenjur yngstu barnanna.

Karellen - Við notumst við samskiptakerfið Karellen til þess að senda foreldrum skilaboð og myndir og til að hald utan um viðveruskráningar barnanna.

Öryggismál

Slysaskráning

Óhöpp/alvarleg slys Bráðaofnæmisviðbrögð hjá barni	Staðsetning slyss/óhapps Deild barnsins í hádegismat	Hvað gerðist? Barn með bráðaofnæmi fyrir eggjum, soyja og hnetum komst í snertingu við sósu sem innihélt soyja
--	--	--

Forvarnir

- **Klemmu slys** - Búið er að setja plexíglar á leikloft allra deilda til að koma í veg fyrir að fleiri börn geti klemmt sig á sama hátt. Einnig eru allar hurðar á öllum deildum með klemmuvarnir. Á yngri deildum voru settar nýjar klemmuvarnir fyrir nokkrum árum og í vetur voru klemmuvarnirnar endurnýjaðar á þeim eldri.
- **Háaloft** - Búið er að hækka hurðarloku uppi á háaloftin á öllum deildum til að tryggja að börnin geti ekki beygt sig yfir lokuna og þannig dottið niður af loftinu. (Ekki hefur orðið slys en starfsfólk bað um að þetta yrði lagað áður en einhver myndi klifra yfir hurðina og detta niður).
- **Bráðaofnæmi** - Allir starfsmenn eru meðvitaðir um barnið sem er með bráðaofnæmi fyrir eggjum, soyja og hnetum og reynt að forðast eftir bestu getu að hann komist í snertingu við það sem hann er með ofnæmi fyrir.
- **Eldvarnareftirlit** er gert 1x í mánuði yfir skólaárið. Elstu börn leikskólans sjá um eftirlitið með aðstoð kennara.
- **Slökkviliðið** kemur í heimsókn 1x á ári til að fræða börnin og fara yfir eldvarnir leikskólans og athuga hvort allt sé í lagi.
- **Leikskólagarðinum** er skipt upp milli deilda og eiga starfsmenn hvernar deildar að sjá um að athuga aðstæður í garðinum á morgnana fyrir útiveru barnanna og kanna hvort hættulegir hlutir leynist í sandkassa, í grasinu eða í runnum. Starfsmenn skrá svo á þar til gerð blöð fyrir hvern mánuð og kvitta fyrir að hafa farið hringinn. Nýtt skráningarblað er fyrir hvern mánuð. Við viðurkennum að það er erfiðara að halda utan um þessar

skráningar þegar er frost og leiðinda veður en auðveldara þegar veðurskilyrði eru góð.

Húsnæði og viðhald

Það er voða gott að hafa mennina í áhaldahúsinu og húsvörðinn fyrir leikskólann. Það er allt sem viðkemur húsinu sem ég sæki til þeirra og alveg með ólíkindum hvað þeir eru liðlegir og fljótir að fara i verkin. Ég set málefni inn í Main Manager kerfið og það er oftast búið að græja hlutina fljótlega. Það sem við höfum verið að sækja er til dæmis að bæta umhverfið vegna öryggi barna, ef þau meiða sig á einhverju þá oft er hægt að bæta með smáatriðum sem þeir kippa í liðinn. Verkefni eru frá því að salta garðinn og upp í að losa rennur á þaki sem eru stíflaðar sem verður til þess að þakið er á floti. Stæðsta verkefnið sem þeir hafa fengið frá okkur er garðurinn sem fer á flot á hverju ári og hafa þeir sent dælubíla til að tæma pollana hér. Í vetur var farið í garðinn til að koma í veg fyrir að hann fari á flot eins og síðastliðin ár og hefur það verið með besta móti í vetur. Síðan meta þeir hvert verkefni og senda iðnaðarmann við hæfi eftir því hvert verkefni er. Í vetur voru svo eldri deildarnar málaðar enda kominn tími á þær.

Ég set ég á óskalista að láta loka ruslageymslunni á einhvern hátt þar sem íbúar í blokkunum horfa á þær út um stofugluggann fjúka upp í vondu veðri.

Lokaorð

Skólaárið 2018- 2019 hefur verið afar viðburðarríkt og skemmtilegt.

Starfsmannahópurinn hefur aðeins breyst síðasta vetur þar sem nokkrir starfsmenn hafa siglt á önnur mið og nýjir starfsmenn bæst í hópinn okkar. Við höldum okkur við þrjár megin áherslur og bætum við þær. Þessar áherslur eru meðal annars Heilsustefnan og inn í hana fléttast Leikur að læra, Grænfáninn og Uppeldi til Ábyrgðar. Með góðri samvinnu starfsmanna í húsi og áhugategndum námskeiðum í símenntunaráætlun Garðabæjar, hefur áhugi starfsfólks á símenntun aukist til muna. Einnig er afar mikilvægt að fá góða fyrirlesara til að efla starfið og starfsandann. Í heildina erum við afar ánægð með starfið í okkar leikskóla.

Ragnhildur Skúladóttir Leikskólastjóri